



**Gleðilegt
sumar kæru
félagsmenn
í FFA**

Fréttabréf FFA - maí 2024

OPIÐ HÚS 2. maí

Ingvar Teitsson ætlar að segja frá vinnu gönguleiðanefndar við að byggja göngubrú yfir Fremri-Lambá á Glerárdal sumarið 2023. Mikil og óeigingjörn sjálfbóðaliðsvinna sem liggur þar á bak við. Við hvetjum ykkur til að mæta og heyra um það og sjá myndir af byggingu hennar.

Fréttir úr starfinu

Fyrsta gönguferð sumarsins var farin á sumardaginn fyrsta, gengið var á Grenivíkurfjall.

FFA tók þátt í Stóra plockkdegnum í samstarfi við Akureyrarbæ og var mæting góð, hressing eftir plock í boði FFA.

Félagsmenn í FFA fá veglega afslætti hjá nokkrum verslunum á Akureyri auk fjölda verslana á höfuðborgarsvæðinu. [Nánar er hægt að sjá það hér og gerast félagi.](#)

FFA er komið í samstarf við [Fjallakofann](#) sem veitir fararstjórum sem uppfylla ákveðin viðmið um fjölda ferða góðan afslátt og félagsmönnum 15% afslátt af sínum vörum.

[Ellingsen](#) var einnig að ganga til liðs við FFA og veita þeir félagsmönnum afslátt af völdum vörum: 10% afslátt af eftirfarandi merkjum: Bergans, Mountain Hardware, Pinewood og völdum vörum frá Osprey. 15% afslátt af eftirfarandi merkjum: Devold, Columbia, Ecco, Sorel og Grisport.

Það rættist vel úr skíðaferðum vetrarins og hafa verið farnar níu ferðir frá febrúar fram í apríl. Þátttaka var mjög góð í flestar ferðirnar. Síðasta skíðaferðin verður helgina 3.-5. maí, ferð í Laugafell, sú ferð er uppseld. Vonandi verða snjóalög þá enn heppileg á því svæði.

Nokkrar myndir úr ferðum vetrarins:

